



Skóli Ísaks Jónssonar
Sjálfsseignarstofnun

Skólaráðsfundur þriðjudaginn 8. október 2013
kl. 8:40 á kaffistofu starfsmanna

Mættar: Gréta, Elín Klara, Sigríður Anna og Þóra Elísabet.

Dagskrá:

1. Fundartímar 2013-2014
2. Skólaárið 2013-2014
 1. Niðurstöður lesskimunar í 2. bekk vorið 2013
 2. Innra mat
 3. Námsmat
3. Leyfi til reksturs leikskóla og leyfi til samreksturs leik- og grunnskóla
4. Fjármál
5. Önnur mál

1. Fundartímar 2013-2014
Rætt um að hafa fundi á þriðjudögum og miðvikudögum. Tekið vel í það. Föstudagar henta ekki út af söng á sal.

2. Skólaárið 2013-2014
 - a. Niðurstöður lesskimunar í 2. bekk vorið 2013. Komum einstaklega vel út. Rætt um hvort rétt sé að birta niðurstöður þar sem árgangar eru misjafnir milli ára.
 - b. Innra mat. Fengum gagnrýni frá Reykjavíkurborg vegna þess að innra mat vantaði. Stofnuðum innra mats teymi sem fór í gegnum Umbótaáætlun skólans.

Starfsmannakönnun á leiðinni í loftið. Verður send á morgun eða hinn. Ragnar Marteinson hefur útbúið könnun fyrir skólann út frá spurningum sem innra mats teymi lagði upp með. Gréta talaði um að láta þá sem eru að hætta taka staðlaða könnun til að fá betri upplýsingar um líðan starfsmanna, n.k. starfslokakönnun. Gréta tilbúin að búa til kynningu og lesa yfir úrvinnslu gagna.

- c. Námsmat. Samræming á öllu námsmati. Ebba orðin verkefnastjóri námsmats. Innleiðing á Ipöðum vel á veg komið. Sigríður Anna hefur borgað fyrir námskeið starfsfólks vegna Ipada.



Skóli Ísaks Jónssonar
Sjálfsseignarstofnun

3. Leyfi til reksturs leikskóla og leyfi til samreksturs leik- og grunnskóla.

Leyfið er komið en ekkert að gerast. Þarf að gera þjónustusamning. Erfiðar boðleiðir við Reykjavíkurborg. Starfsfólk Reykjavíkurborgar illa upplýst um hver er staða einstakra mála er og virðist vanta upplýsingastreymi milli deilda.

Fjármál. Skólinn er fullur, 220 nemendur og fjárhagsstaðan fer batnandi. Hækkun upp 3,9 % á 75% framlag var tilkynnt í síðustu viku og er afturvirk frá og með ágúst 2013. Gæslan hefur ekki hækkað síðastliðinn 5 ár. Foreldrar eru að horfa á skólagjöldin sem hindrun. Spurning að hækka gæsluna og lækka skólagjöldin. Húsnæðisstyrkur vegna 5 ára barna kemur þegar þjónustusamningurinn hefur verið gerður. Skyldur skólans vegna leikskólahluta verða meiri en þær eru í dag og kostnaðurinn mun því aukast. Erindi skólans vegna húsnæðisstyrksins aftur í tímann er enn óafgreitt hjá borginni. Sigríður Anna fékk póst í vor um að það yrði afgreitt í júní en í september bárust þær fréttir að enn yrði töf á afgreiðslu málsins.

4. Önnur mál. Lagt til að gerð verði áætlun um að bæta skólalóðina þannig að nemendur séu öruggir á skólalóðinni. Vantar líka fleiri einföld leiktæki.